

# TILLAGA AÐ ÁLYKTUN AÐALFUNDAR UM FJÁRMÖGNUN ALMANNAVARNA

## Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson, varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ívar Kristinsson stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjölhisdóttir stjórnarmaður, Árni Jóhannsson varamaður, Unnsteinn Ingason varamaður.

### Tillagan:

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi beinir því til stjórnvalda að þau stigi markviss skref í átt að því að rekstrarumhverfi hjálparliðs almannavarna, þ.e. Rauða krossins á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, verði bætt, svo áfallapol þjóðarinnar gagnvart náttúruvá og öðrum ógnum verði ekki stefnt í hættu.

### Greinargerð:

Rauði krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa verið burðarás í skipulagi almannavarna á Íslandi frá því um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Félögin hafa nýtt eigin fjáröflunarleiðir til að fjármagna öflun og þjálfun sjálfboðaliða, viðbúnað og viðbrögð um allt land. Með lækkandi tekjum, sem skýrist m.a. af sífellit versnandi samkeppnisstöðu sameiginlegs fjáröflunarfyrirtækis félaganna, Íslandsspila, reynist félögunum þyngra um vik að standa við skyldur sínar á þessu sviði. Við blasir hallarekstur og fyrirsjáanlegur niðurskurður.